



## REGLUR

### um leikskólaþjónustu í Fjarðabyggð

Leikskólar Fjarðabyggðar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 og Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 en námskránni er ætlað að vísa ólíkum hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs.

Fjarðabyggð starfrækir leikskóla í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins. Á heimasíðu Fjarðabyggðar er að finna ýmsar upplýsingar um leikskólana.

Reglur um leikskólaþjónustu í Fjarðabyggð gilda um umsókn og innritun í leikskólana og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

#### 1.gr.

##### *Umsókn og innritun*

Umsókn og innritun í leikskóla fer fram hjá hverjum leikskóla en umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðum leikskólanna undir tenglinum „Um leikskólann - leikskólaumsókn“. Leikskólastjórar aðstoða við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl ef þess er óskað.

Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvölum/við eins árs aldur. . Innritun barna fer öllu jafna fram ársfjórðungslega. Sækja má um vist í leikskóla um leið og kennitala barns hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári. Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, sjá þó í 4. gr. um forgang. Hægt er að leggja inn umsókn fyrir sama barn í fleiri en einn leikskóla í Fjarðabyggð. Þrátt fyrir að barnið sækir leikskóla í annan byggðakjarna getur það engu að síður verið áfram á biðlista í sínum byggðakjarna.

Í þeim byggðarkjörnum þar sem leikskólar eru með biðlista með börnum eldri en eins árs, stendur foreldrum til boða foreldragreiðslur á meðan beðið er eftir plássi.

#### 2. gr.

##### *Skilyrði fyrir leikskóladvöl*

Skilyrði fyrir inngöngu í leikskóla er að barn eigi lögheimili í Fjarðabyggð. Barnið getur verið á umsóknarlista þótt lögheimili sé annars staðar. Undantekningu frá kröfu um lögheimili í Fjarðabyggð má veita en þá skal liggja fyrir samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Fjarðabyggð hlut sveitarfélagsins í leikskólagjöldum.

Foreldrar/forráðamenn barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólaþjónustu í Fjarðabyggð. Það er skilyrði að foreldrar/forráðamenn og barn séu með fasta búsetu Fjarðabyggð, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megir ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Fjarðabyggð. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið [fjardabyggd@fjardabyggd.is](mailto:fjardabyggd@fjardabyggd.is).

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Fjarðabyggð með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án



dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016 þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Fjarðabyggð.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Fjarðabyggð.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við

Fjarðabyggð þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Úthlutun er einnig háð því skilyrði að foreldri/forráðamaður sé ekki í vanskilum með leikskólajöld. Ef um þriggja mánaða vanskil er að ræða er, að undangenginni viðvörðun, heimilt að segja upp dvalarsamningi.

### 3. gr.

#### *Úthlutun leikskólarýma, dvalarsamningur og uppsögn foreldra/forráðamanna*

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að sækja um leikskóla sem fyrst. Innritun barna fer öllu jafna fram ársfjórðungslega.

Begar barn hefur fengið inngöngu í leikskóla fá foreldrar/forráðamenn sent bréf með upplýsingum um hvenær leikskólagangan hefst og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólavistun innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum/forráðamönnum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista, að undangengnu viðtali við foreldra/forráðamenn, og öðru barni boðin vistun.

Foreldrar og forsjáraðilar geta skráð börnin sín í sveigjanlega dvöl í upphafi hverrar annar eða í síðasta lagi 15. apríl fyrir sumarönn, 15. ágúst fyrir haustönn og 15. desember fyrir vorönn. Hægt verður að haga skráningum þannig að dvölin sé mismunandi eftir dögum en þó aldrei meira en 42,5 tímar á viku.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum/forráðamönnum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst. Þiggi þeir ekki leikskólavistun strax, gefst þeim kostur á að halda henni í allt að fjórar vikur svo fremi að dvalargjald sé greitt. Einnig geta foreldrar/forráðamenn sótt um leyfi fyrir barn í allt að fjórar vikur á meðan á leikskóladvöl stendur og haldið dvalarsamningnum svo fremi að dvalargjald sé greitt.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar/forráðamenn með sér dvalarsamning. Foreldrar þurfa einnig að skila inn staðgreiðsluskrá ef þeir telja sig falla undir tekjuviðmið, sjá nánar undir gjaldtöku. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar/forráðamenn að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskóla Fjarðabyggðar og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi miðast við 20. hvers mánaðar og tekur gildi næstu mánaðarmót á eftir. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

### 4. gr.

#### *Forgangur að leikskóla*

Leikskólastjóra er heimilt að veita sérstakan forgang að leikskóla til barna ef sérstakar aðstæður mæla með því. Forgangur má veita til...



## 6. gr.

### Gjaldtaka

Fjarðabyggð greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Fjarðabyggðar. Foreldrar/forráðamenn greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokölluð dvalargjöld. Dvalargjöldin skiptast í tvennt: *Almennt vistunargjald* fyrir allt að 8 tíma vistun frá 08:00-16:00 og *viðbótar vistun* sem er fyrir kl 08:00 og eftir kl 16:00. Einnig greiða þeir fyrir þá skráningardaga sem þeir nýta. Auk þessa greiða foreldrar fyrir morgun- og síðdegishressingu barna sinna en annar fæðiskostnaður er gjaldfrjáls. Dvalargjöld og fæðisgjöld nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Leikskólagjöld á hverjum tíma eru samkvæmt gjaldskrá leikskóla Fjarðabyggðar og er hún birt á heimasíðu sveitarfélagsins undir liðnum gjaldskrár.

Eftirfarandi afslættir eru veittir af almennu vistunargjaldi:

- a) systkinaafsláttur – 50% afsláttur á annað barn og 100% á börn umfram tvö.

Forráðamenn sem falla undir tekjuviðmið geta sótt um afslátt af dvalargjöldum samkvæmt gjaldskrá Fjarðabyggðar. Sótt er um afslátt á leikskólagjöldum í gegn um íbúagátt Fjarðabyggðar. Endurnýjaðri staðgreiðsluskrá þarf að skila inn með umsókn.

Hægt er að fá fæðisgjöld felld niður ef barn er fjarverandi 10 skóladaga samfelld eða lengur.. Hægt er fá dvalargjöld niður felld að hálfu ef um veikindi barns er að ræða sem varað hafa í fjórar vikur eða lengur. Leikskólastjóra er heimilt að kalla eftir læknisvottorði. Forföll langveikra barna og niðurfelling gjalda vegna þeirra eru metin af leikskólastjórum í hvert sinn.

Afsláttur frá dvalargjöldum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólastjóra. Þó er heimilt að leiðrétta leikskólagjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri/forráðamaður hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Ef leikskóla eða deild er lokað vegna manneklu eða annarra óviðráðanlegra ástæðna í hálfan dag eða meira eru gjöld fyrir þann tíma felld niður.

Leikskólar Fjarðabyggðar eru lokaðir í 4 vikur vegna sumarleyfa. Leikskólagjöld eru greidd í 11 mánuði á ári. Foreldrar geta óskað eftir lengra sumarleyfi fyrir börn eða allt að 8 vikum og greiða þá hlutfallslega minna í leikskólagjöld. Beiðni um slíkt þarf að berast leikskólastjóra fyrir þann tímafrest sem leikskólastjóri setur.

## 7. gr.

### Innheimta leikskólagjalda

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Eindagi er 15. hvers mánaðar. Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann mánuð sem leikskólinn er lokaður. Séu leikskólagjöld ógreidd á eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf. Hafi krafa ekki verið greidd tveimur vikum eftir eindaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um og greiða skuldina hjá innheimtufyrirtæki en einnig er hægt að snúa sér til fjármálasviðs Fjarðabyggðar um ráðgjöf. Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 105 dögum frá eindaga. Auk hefðbundinna dráttarvaxta fellur kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.





- a) ...fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja.
- b) ...barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja.
- c) ...barna sem búa við alvarleg veikindi eða alvarlega fötlun hjá fjölskyldumeðlimum. Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- d) ...barna foreldra sem eru undir lögaldri (18 ára).
- e) ...barna einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- f) ...þrífura.

### 5. gr.

#### *Opnunartími – skipulagsdagar, skráningardagar og sumarleyfi leikskóla*

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:45 til 16:15 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til átta og hálf klukkustund að hámarki á dag.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Leikskólar opna seinna eða loka fyrr fjórum sinnum á ári vegna starfsmannafunda (ársfjórðungslega). Við gerð skóladagatala er miðað við að skipulagsdagar séu hafðir á sama tíma og frídagar nemenda í grunnskólum eftir því sem því verður við komið. Einnig eru leikskólar lokaðir 24. og 31. desember. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar eru 20 og eru þeir merktir í skóladagatali leikskóla það sama gildir um lokanir vegna starfsmannafunda.

Skráningardagar er þeir dagar sem foreldrar þurfa að skrá börnin sín sérstaklega í vistun, annars er litið svo á að nemandinn sé í fríi. Skráningar þessara daga eru í upphafi hverrar annar. Dagsetningar á skráningardögum eru breytilegar á milli ára en er þó í tengslum við eftirfarandi tímabil:

- Vetrarfrí grunnskólanna að vori
- Dagarnir í dymbilvikunni
- Vetrarfrí grunnskólanna að hausti
- Dagarnir milli jóla og nýárs.
- Þar fyrir utan eru 4 dagar á forræði hvers leikskóla

Börn sem dvelja í leikskólum Fjarðabyggðar taka að lágmarki fjögurra vikna sumarleyfi. Foreldrar/forráðamenn geta boðið börnum sínum upp á allt að átta vikna sumarleyfi innan tímabilsins frá 15. maí og 15. september og greiða þá hlutfallslega minna í leikskólagjöld. Sumarleyfi leikskólanna í Fjarðabyggð u.þ.b. tvo mánuði. Foreldrum/forráðamönnum gefst því tækifæri til að færa börn á milli spanna leikskóla og fyrirtæki sem sækja vinnuafli í marga byggðarkjarna eiga þannig auðveldara með að verða við óskum starfsmanna um sumarleyfi.

Skólaár leikskóla miðast við 1. ágúst til 31. júlí. Börn sem hefja grunnskólanám að hausti ljúka leikskólanámi sínu í síðasta lagi 31. júlí.



8. gr.

*Sérkennsla*

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangengnu samþykki fræðslustjóra.

Fjarðabyggð 21. febrúar 2025

  
Jóna Arný Þórðardóttir  
bæjarstjóri

Samþykkt á fundi fjölskyldunefnd 10. febrúar 2025

Samþykkt á fundi bæjarráðs 17. janúar 2025

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 20. febrúar 2025

